

# REGLUR

## UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI STARFSMANNA

### Inngangur

Reglur þessar eru settar af stjórn Arctica Finance hf. („Arctica“ eða „félagið“) á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, og 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

### 1 Tilgangur og markmið

- 1.1 Tilgangur reglna þessara er að uppfylla þær kröfur sem lög og reglugerðir setja fjármálafyrirtækjum á borð við Arctica. Markmið reglnanna er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Arctica, auka trúverðugleika og stuðla að óhlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála, sem og að tryggja óhæði starfsmanna og trúnað.
- 1.2 Með reglum þessum er stefnt að því að koma í veg fyrir að viðskipti eigenda virkra eignarhluta, starfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá, sem og viðskipti Arctica fyrir eigin reikning,<sup>1</sup> með fjármálagerninga og eftir atvikum gjaldeyri eða rafeyri, rekist á við hagsmuni viðskiptavina félagsins. Starfsmenn Arctica skulu ávallt gæta hagsmuna viðskiptavina félagsins og hafa þá grundvallarreglu í huga að hagsmunir viðskiptavina Arctica eru um leið hagsmunir félagsins sjálfs. Jafnframt skulu starfsmenn Arctica forðast að viðskipti gefi tilefni til að ætla að þau rekist á við hagsmuni viðskiptavina.
- 1.3 Reglur þessar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum Arctica.

### 2 Gildissvið

- 2.1 Reglur þessar taka til eftirfarandi aðila:
  - a Allir starfsmenn Arctica, þ.m.t. stjórnendur, framkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn, að undanskildum starfsmönnum sem hafa ekki aðgang að trúnaðarupplýsingum, t.d. starfsmönnum er sinna ræstingum eða veitingum.
  - b Maki (hjúskapur, samvist eða sambúð) starfsmanns.
  - c Barn, kjörbarn eða stjúpbarn starfsmanns sem er á hans framfæri.
  - d Önnur skyldmenni starfsmanns eða maka sem hafa búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin verðbréfavíðskipti fara fram.
  - e Eignarhaldsfélög framangreindra aðila og félög þar sem þeir geta með beinum eða óbeinum hætti, t.d. vegna eignarhalds og/eða stjórnarsetu, tekið þátt í ákvörðun um verðbréfavíðskipti sem falla undir reglur þessar.
- 2.2 Þegar vísað er til starfsmanna Arctica í reglum þessum er átt við alla aðila sem taldir eru upp í grein 2.1, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Starfsmaður ber ábyrgð gagnvart Arctica vegna allra sem honum tengjast með vísan til liða b – e í grein 2.1.
- 2.3 Tilkynna skal regluvörslu ef aðili sem fellur undir lið b, c eða d í grein 2.1 starfar hjá öðru fjármálafyrirtæki eða aðila sem lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“) og ber

<sup>1</sup> Sé það heimilt samkvæmt lögum eða starfsleyfi Arctica.

að setja sér sambærilegar reglur og reglur þessar. Í þeim tilvikum skulu verðbréfavíðskipti viðkomandi aðila að jafnaði fara í gegnum þann vinnuveitanda, en regluverði er heimilt að ákveða að reglur þessar skuli gilda að öðru leyti eftir því sem við á, þ.m.t. að víðskipti skulu tilkynnt til regluvörslu. Til að taka af allan vafa, þá er aðilum sem falla undir liði b - d í grein 2.1 óheimilt með öllu að nýta upplýsingar sem starfsmaður Arctica býr eða kann að búa yfir, enda bannað lögum samkvæmt.

- 2.4 Starfsmenn skulu í upphafi starfs síns undirrita og afhenda Arctica yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér efni reglna þessara og skuldbindi sig til að lúta þeim, en á starfsmönnum hvílir líka skylda til að upplýsa þá aðila sem falla undir liði b - d í grein 2.1 um efni reglna þessara.
- 2.5 Reglur þessar taka til víðskipta starfsmanna með eftirfarandi:
  - a Fjármálagerningar eins og þeir eru skilgreindir í lögum nr. 115/2021.
  - b Hlutir í einkahlutafélögum og annað sambærilegt eignarhald í eða yfirráð yfir lögaðilum. Þegar vísað er til verðbréfavíðskipta eða fjármálagerninga í reglum þessum er átt við allt ofangreint.
- 2.6 Hugtök sem notuð eru í reglum þessum og ekki eru skilgreind sérstaklega skulu hafa þær merkingar sem þeim eru gefin í lögum nr. 115/2021, lögum nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, og lögum nr. 161/2002, sem og reglugerðum og reglum byggðar á þeim, allt eins og þau eru á hverjum tíma.
- 2.7 Í reglum þessum er ekki að finna tæmandi umfjöllun um þau efni sem þær taka á. Að öðru leyti gilda eftir því sem við eiga lög, reglugerðir og reglur sem settar hafa verið um starfsemi fjármálamarkaðarins.

### 3 Eigin víðskipti

- 3.1 Arctica hefur ekki starfsleyfi til að eiga verðbréfavíðskipti fyrir eigin reikning.

### 4 Starfsskyldur

- 4.1 Starfsmönnum ber að gæta fyllstu aðgætni í verðbréfavíðskiptum fyrir eigin reikning. Eigin verðbréfavíðskipti starfsmanna mega á engan hátt brjóta í bága við hagsmunum víðskiptavina og skulu starfsmenn forðast að haga verðbréfavíðskiptum á þann hátt að þau stofni trúverðugleika Arctica eða starfsmanna þess í hættu.
- 4.2 Starfsmönnum er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til víðskipta með fjármálagerning í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi víðskipta með tiltekna fjármálagerninga eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfavíðskiptum. Jafnframt er starfsmönnum óheimilt að eiga víðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér í eigin þágu víðskiptakjör sem Arctica kann að njóta hjá þriðja aðila.
- 4.3 Starfsmönnum er óheimilt:
  - a Að stofna til eigin verðbréfavíðskipta þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðum á við:
    - i Óheimilt er að stofna til víðskiptanna samkvæmt lögum nr. 115/2021 eða lögum nr. 60/2021, s.s. vegna ákvæða um víðskipti innherja.
    - ii Víðskiptin fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu innherjaupplýsinga eða upplýsinga sem falla undir þagnarskylduákvæði laga, s.s. 58. gr. laga nr. 161/2002.
    - iii Víðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur Arctica samkvæmt lögum nr. 115/2021 og nr. 60/2021.
  - b Að gefa nokkrum öðrum aðila ráð eða aðstoða hann við að stofna til verðbréfavíðskipta

á annan hátt en í samræmi við eðlilegar starfsskyldur, ef viðskiptin falla undir a-lið þessa ákvæðis eða annað viðeigandi ákvæði ef um væri að ræða eigin viðskipti starfsmanns, að breyttu breytanda.

- c Að veita nokkrum öðrum aðila upplýsingar eða álit, nema það sé heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 115/2021 og nr. 60/2021, t.d. um meðferð innherjaupplýsinga, aðrar en þær sem um er að ræða í venjubundnu starfi eða samkvæmt þjónustusamningi, ef hlutaðeigandi starfsmaður veit eða má vita að móttakandi muni, eða líklegt er að hann muni, grípa til eftirfarandi úrræða:
  - i Stofna til verðbréfavíðskipta, sem myndu falla undir a-lið þessa ákvæðis eða annað viðeigandi ákvæði ef um væri að ræða eigin viðskipti starfsmanns, að breyttu breytanda.
  - ii Ráðleggja eða aðstoða annan aðila við að stofna til slíkra verðbréfavíðskipta.

4.4 Ákveði félagið að eiga verðbréfavíðskipti yfir ákveðið tímabil geta þeir starfsmenn, sem um það hafa upplýsingar, ekki átt viðskipti fyrir sína hönd með viðkomandi fjármálagerninga fyrr en eftir að áðurnefnd viðskipti hafa átt sér stað. Hafi starfsmaður vitneskju um að félagið hafi samþykkt pöntun frá viðskiptavini eða að tekin hafi verið ákvörðun um að eiga viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar, t.d. í eignastýringu, er honum óheimilt að eiga viðskipti með sama fjármálagerning fyrir eigin reikning þar til viðskipti hafa farið fram eða verið afturkölluð.

4.5 Leiki vafi á því hvort verðbréfavíðskipti starfsmanna geti samrýmst ákvæðum reglna þessara eða önnur tilvik sé með þeim hætti að ákvæði reglna þessara eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita álits regluvörslu, eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði.

4.6 Þrátt fyrir að heimild regluvörslu fyrir verðbréfavíðskiptum kunni að liggja fyrir, er ábyrgð á verðbréfavíðskiptunum eftir sem áður hjá viðkomandi starfsmanni. Auk þess ber starfsmönnum að tryggja að þeirra eigin verðbréfavíðskipti séu óháð viðskiptum félagsins og viðskiptavina þess og að tímasetning eða umfang verðbréfavíðskipta starfsmanna hafi ekki neikvæð áhrif á viðskipti viðskiptavina.

## 5 Heimil verðbréfavíðskipti

5.1 Að teknu tilliti til annarra ákvæða reglna þessara, þá er starfsmönnum heimilt að eiga verðbréfavíðskipti með eftirtalda fjármálagerninga:

- a Fjármálagerningar útgefnir af íslenska ríkinu sem teknir hafa verið til viðskipta (skráðir) á skipulegan markað.
- b Erlendir fjármálagerningar sem teknir hafa verið til viðskipta (skráðir) á skipulegan markað. Með erlendum fjármálagerningum er átt við fjármálagerninga útgefna af lögaðila sem i) ekki er skráður til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, ii) ekki telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum, eða iii) hefur ekki raunverulega framkvæmdastjórn hér á landi. Hérland útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.
- c Hlutdeildarskírteini verðbréfa- eða fjárfestingarsjóða sem lúta opinberu eftirliti.
- d Fjármálagerningar þar sem að um þvingaða sölu er að ræða, t.d. vegna innlausnar.
- e Fjármálagerningar þar sem að um sjálfvirka arð- eða endurgreiðslu að ræða, t.d. ef hlutabréf eru afhent sem arðgreiðsla, enda eigi viðkomandi starfsmaður ekki aðkomu að ákvörðunartöku vegna þessa.

5.2 Ákvæði greina 6.1 – 6.5 og greinar 7 í reglum þessum eiga ekki við um viðskipti starfsmanna sem falla undir grein 5.1. Regluvörður getur þó hvenær sem er, án skýringa eða tímamarka, ákveðið að ákvæði greina 6.1 – 6.5 og greinar 7 í reglum þessum skuli gilda um viðskipti starfsmanna

sem falla undir grein 5.1. Þá er regluverði heimilt hvenær sem er að krefja starfsmenn um upplýsingar um eignarhald á þeim fjármálagerningum sem falla undir grein 5.1, sem og upplýsinga um viðskipti með þá fjármálagerninga aftur í tímann.

- 5.3 Starfsmönnum er óheimilt að eiga verðbréfavíðskipti með aðra fjármálagerninga en þá sem tilgreindir eru í grein 5.1, en regluvarsla hefur heimild til að veita undanþágur vegna viðskipta með eftirfarandi fjármálagerninga eða við eftirfarandi kringumstæður:
- a Fjármálagerningar sem seldir eru í almennu útboði, enda sé viðkomandi útboð ekki í umsjón Arctica.<sup>2</sup> Sé útboð í umsjón Arctica, þá er heimilt að veita undanþágu enda sæki starfsmaður um undanþágu áður en útboð hefst, eða ef regluvörður svo kýs, fyrir lok eða innan fyrsta dags í útboði.
  - b Nýting forkaupsréttar vegna eldri hlutabréfaeignar.
  - c Fjármálagerningar sem starfsmaður eignast við sölu fastafjármuna, þ.e. móttaka þeirra sem og sala.
  - d Fjármálagerningar, sem og annað eignarhald, í félögum sem engin virk viðskipti eru með og ekki hafa fjárfestingar að markmiði, s.s. félag um góðgerðarstarfsemi eða félag um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima, eða önnur félög sem hafa ekki fjárfestingar að megintilgangi.
  - e Afleiðusamningar, ef undirliggjandi verðmæti eru fjármálagerningar sem heimilt er að eiga viðskipti með samkvæmt grein 5.1.
  - f Fjármálagerningar sem starfsmaður hefur eignast við gjöf eða arf, þ.e. móttaka þeirra sem og sala.
  - g Fjármálagerningar Arctica, þ.m.t. hlutabréf í Arctica.
  - h Fjármálagerningar í eigu starfsmanns áður en hann hóf störf hjá félaginu, þ.e. sala þeirra, eða nýting valréttar að fjármálagerningum sem starfsmaður átti áður en hann hóf störf hjá félaginu, þ.e. nýting kaupréttar og eftir atvikum samhliða sala.
  - i Fjármálagerningar þar sem að um er að ræða flutning lífeyrissparnaðar milli ávöxtunarleiða, enda komi starfsmaður ekki að rekstri eða uppgjöri viðkomandi lífeyrissjóðs eða einingar.
  - j Fjármálagerningar í því félagi þar sem að maki, eða önnur skyldmenni sem falla undir reglur þessar, starfar hjá.
  - k Fjármálagerningar útgefnir af sjóðum í rekstri rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem starfa í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
  - l Sala fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta skipulegum markaði<sup>3</sup> eða skráðir á markaðstorg fjármálagerninga, enda sé sölu óskað i) á tilteknum degi að liðnum a.m.k. 2 (tveimur) mánuðum frá ósk um heimild til sölu, eða ii) innan sólarhrings frá birtingu ársreiknings eða milliuppgjors enda sé sölu óskað með a.m.k. 2ja vikna fyrirvara.
  - m Við sérstakar aðstæður, enda hafi starfsmaður óskað skriflega eftir því með rökstuddum hætti, en aðstæður þær sem hér um ræðir eru einkum vegna óvæntra breytinga á aðstæðum starfsmanns, s.s. veikindi, slys eða andlát í fjölskyldu hans eða hjónaskilnaðar hans.

Um viðskipti sem eiga sér stað samkvæmt þessari grein 5.3 skulu gilda öll ákvæði samkvæmt reglum þessum, fyrir utan grein 5.1, svo sem um feril viðskipta, skráningu, lágmarks

<sup>2</sup> Starfsmenn skulu hafa í huga að sala fjármálagerninga sem keyptir hafa verið með vísan til þessa staflíðs kann að vera bönnuð eða verulega takmörkunum háð.

<sup>3</sup> T.d. í kauphöll.

eignarhaldstíma o.s.frv.

## 6 Ferill viðskipta

### Milliganga Arctica

6.1 Ekki er skylt að verðbréfavíðskipti starfsmanna fari fram fyrir milligöngu félagsins, en regluvörður getur þó ákveðið að svo skuli vera. Öll viðskipti við starfsmenn sem Arctica annast milligöngu um skulu lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.<sup>4</sup> Þrátt fyrir þetta þá er heimilt að bjóða starfsmönnum<sup>5</sup> tiltekin starfsmannakjör í viðskiptum við Arctica, sbr. grein 10. Starfsmönnum er óheimilt að afgreiða sjálfir verðbréfavíðskipti sín eða aðila sem eru þeim tengdir og falla undir reglur þessar. Þetta á bæði við um afgreiðslu í kerfum félagsins og öðrum kerfum, s.s. kerfi skipulegra markaða. Verðbréfavíðskipti starfsmanna skulu á engan hátt hafa forgang umfram önnur viðskipti heldur fara í röð á eftir beiðnum sem á undan hafa borist, þó svo að leyfi regluvörslu til viðskipta liggi fyrir.

### Öflun heimildar

6.2 Starfsmönnum er óheimilt að eiga verðbréfavíðskipti með vísan til greinar 5.3, nema að fenginni fyrirfram skriflegri heimild regluvörslu. Starfsmenn skulu óska eftir við regluvörslu með tölvupósti um heimild til fyrirhugaðra viðskipta sem ekki falla undir grein 5.1. Regluvarsla skal taka afstöðu til óska starfsmanna um verðbréfavíðskipti og tilkynna starfsmanni um afstöðu í tölvupósti. Til að minnka líkur á hættu á hagsmunaárekstrum er regluvörslu heimilt að leita álits næsta yfirmanns áður en heimild er veitt til verðbréfavíðskipta.

6.3 Fari verðbréfavíðskipti ekki fram þann dag sem regluvarsla hefur heimilað þau, fellur heimildin niður án sérstakrar tilkynningar þar um. Regluvörslu er heimilt að hafa gildistíma heimildar lengri, t.d. ef regluvarsla hefur veitt heimild seint á þeim degi sem beiðni barst, ef um samþykki yfirtökutilboðs er að ræða, skráningu fyrir hlutafjárhækkun, lítil viðskipti eru með viðeigandi fjármálagerning eða önnur sambærileg tilvik.

### Skráning

6.4 Starfsmenn skulu svo fljótt sem kostur er tilkynna regluvörslu með tölvupósti um öll verðbréfavíðskipti sem átt hafa sér stað á grundvelli heimildar hennar, ásamt þeim gögnum sem regluvarsla kann að fara fram á.

6.5 Regluvarsla skal halda skrá um eftirfarandi:

- a Viðskipti starfsmanna sem byggðar eru á veittum heimildum.
- b Erindum starfsmanna sem hafnað er.

### Bann

6.6 Regluvarsla getur bannað viðskipti starfsmanna með ákveðna fjármálagerninga og gjaldeyri eða rafeyri, án skýringa eða tímamarka, þ.m.t. fjármálagerninga þá sem tilgreindir eru í grein 5.1. Ennfremur er regluvörslu heimilt að veita heimildir með skilyrðum. Synjun regluvörslu getur talist til verðmótandi upplýsinga og er starfsmönnum óheimilt að miðla upplýsingum um synjun regluvörslu eða skilyrði heimildar til annarra starfsmanna félagsins eða aðila utan félagsins.

### Ábyrgð

6.7 Þrátt fyrir að regluvarsla taki afstöðu til óskar starfsmanns um heimild til viðskipta áður en þau eiga sér stað, þá eru þau viðskipti alfarið á ábyrgð viðkomandi starfsmanns.

<sup>4</sup> Samanber ákvæði um armslengdarsjónarmið í 6. gr. reglna FME nr. 247/2017, um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila, og ákvæði 1. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002.

<sup>5</sup> Hér er átt við starfsmenn í þrengri skilningi þess orðs, en ekki í skilningi greinar 2.2 í reglum þessum.

## 7 Lágmarkseignarhaldstími

- 7.1 Starfsmenn skulu eiga fjármálagerninga sem þeir kaupa í að lágmarki 2 (tvo) mánuði. Starfsmönnum er þó heimilt að selja fjármálagerninga áður en lágmarkseignarhaldstími er liðinn í eftirtöldum tilvikum:
- a Ef markaðsverð þeirra fer niður fyrir upphaflegt kaupverð og viðskiptakostnað.
  - b Ef um er að ræða fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta (skráðir) á erlendum skipulegum mörkuðum. Fjármálagerningar sem tengjast íslenskum hagsmunum falla ekki hér undir.
  - c Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa eignast að gjöf, í arf eða fengið við sölu fastafjármuna sinna.
  - d Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá Arctica eða áður en reglur þessar tóku gildi gagnvart þeim.
  - e Ef um er að ræða hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.
- 7.2 Regluvarsla getur veitt undanþágu frá lágmarkseignarhaldstíma við sérstakar aðstæður. Með sérstökum aðstæðum er einkum átt við óvæntar breytingar á aðstæðum eða högum starfsmanns, svo sem vegna veikinda, slyss eða andláts í fjölskyldu hans eða hjónaskilnaðar hans, eða hann hefur eignast þau óvænt með öðrum hætti en kaupum, svo sem við arf eða gjöf.

## 8 Tíðni viðskipta

- 8.1 Almennu eru ekki takmarkanir á því hversu oft starfsmaður á viðskipti fyrir eigin reikning, en regluverði er heimilt að setja tiltekin mörk ef fjöldi viðskipta er að hans mati farinn að hafa áhrif á getu starfsmanns til að sinna starfi sínu eða líklegur til að valda hnekki á trúverðugleika Arctica.

## 9 Ráðgjöf og greining

- 9.1 Starfsmönnum, sem í störfum sínum eru faglegir ráðgjafar eða trúnaðarmenn útgefanda fjármálagerninga, eða starfa á starfssviðum sem annast slíka ráðgjöf, er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagjöfning viðkomandi útgefanda frá því að störfin hefjast og næstu þrjú mánuði eftir að störfum þeirra fyrir viðkomandi lýkur, nema þeirra vinnu ljúki með opinberri útgáfu á upplýsingum, svo sem lýsingu í skilningi laga eða tilkynningu til skipulegs markaðar.
- 9.2 Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér greiningu sem unnin hefur verið innan Arctica ef greiningarnar eru ekki aðgengilegar öllum viðskiptavinum félagsins. Niðurstöður greininga teljast aðgengilegar viðskiptavinum þegar þær hafa birst á heimasíðu Arctica, verið sendar út með rafrænum hætti til þeirra sem þess hafa óskað eða verið gefnar út og liggja frammi á starfsstöð.

## 10 Sérkjör starfsmanna

- 10.1 Starfsmenn kunna að njóta sérkjara í verðbréfaviðskiptum samkvæmt gjaldskrá Arctica, sem þá skulu vera almenn og standa öllum starfsmönnum til boða. Ekki er um önnur sérkjör að ræða til handa starfsmönnum vegna verðbréfaviðskipta. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að ákvarða starfsmannakjör.

## 11 Fjárfestingarfélög

- 11.1 Starfsmönnum er óheimilt að taka þátt í fjárfestingarfélögum (klúbbum) eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á fjármálagerningum. Á þetta þó ekki við sjóði um sameiginlega fjárfestingu í fjármálagerningum þar sem eigendur hlutdeildarskírteina hafa engin bein áhrif á fjárfestingarnar, t.d. verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Um slíkar fjárfestingar skal eftir sem áður fara eftir öðrum

ákvæðum reglna þessara.

## 12 Eignastýring

- 12.1 Starfsmanni ber að tilkynna regluvörslu ef hann, eða aðili sem honum tengist samkvæmt liðum b - e í grein 2.1, gera samning um eignastýringu. Séu þessir sömu aðilar í eignastýringu við upphaf starfs starfsmanns hjá félaginu, ber starfsmanni að tilkynna regluvörslu þar um. Í öllum tilvikum ber að afhenda regluvörslu afrit af eignastýringarsamningi.
- 12.2 Samþykki regluvörslu til verðbréfavíðskipta sem fram fara á grundvelli eignastýringarsamnings er ekki þörf, enda séu víðskiptin í samræmi við fjárfestingarstefnu eignastýringarsamnings og sá aðili sem gert hefur eignastýringarsamninginn auk starfsmannsins hefur engin áhrif á ákvarðanatöku um verðbréfavíðskiptin og fá ekki upplýsingar um einstök víðskipti fyrr en að þeim loknum. Starfsmaður skal senda regluvörslu þau yfirlit yfir hreyfingar á eignastýringarsafni sem hann fær send frá víðkomandi eignastýringaraðila, óski regluvarsla eftir því.

## 13 Eign í fjármálagerningum og varsla

- 13.1 Starfsmenn skulu greina regluvörslu frá allri eign sinni í fjármálagjörningum þegar þeir hefja störf hjá Arctica. Ennfremur skulu starfsmenn greina regluvörslu frá öllum fjármálagjörningum sem þeir eignast að gjöf, í arf eða fengið við sölu fastafjármuna sinna. Starfsmenn skulu hvenær sem er á starfstíma sínum fyrir félagið sé þess óskað af hálfu regluvörslu greina regluvörslu frá allri eign sinni í fjármálagjörningum, t.d. með því að sýna eða afhenda regluvörslu afrit af þeim upplýsingum sem er að finna í skattframtali þeirra, sem sýnir eign í fjármálagerningum í upphafi og lok árs og hreyfingar.<sup>6</sup> Séu slíkar upplýsingar afhentar skal regluvarsla innan mánaðar eyða framangreindu afriti,<sup>7</sup> nema í ljós komi við yfirferð að ósamræmi er milli upplýsinga afrits og þeirra upplýsinga sem starfsmaður hefur veitt eða hefði átt að veita á grundvelli reglna þessara. Þá er regluvörslu heimilt að varðveita afrit lengur við sérstakar aðstæður, t.d. vegna anna eða veikinda.

## 14 Víðskipti stjórnarmanna og aðila sem eiga virkan eignarhlut

- 14.1 Um víðskipti stjórnarmanna gilda starfsreglur stjórnar.
- 14.2 Aðilar sem eiga virkan eignarhlut í Arctica skulu haga víðskiptum með þeim hætti að þau veki ekki tortryggni, eða séu til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstír þeirra eða Arctica. Óskir þessara aðila um að Arctica annist kaup eða sölu fjármálagerna fyrir þá skulu afgreiddar með sama hætti og óskir annarra víðskiptavina og njóta ekki forgangs á nokkurn hátt. Víðskiptin skulu skráð sérstaklega og eftirlit haft með þeim með sama hætti og víðskiptum starfsmanna. Sama gildir um endurskoðendur félagsins og, eftir atvikum, fasta ráðgjafa.
- 14.3 Um víðskipti innherja með fjármálagerna útgefna af Arctica fer samkvæmt reglum um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, eftir því sem við á.<sup>8</sup>

## 15 Eftirlit og viðurlög o.fl.

- 15.1 Regluvarsla skal hafa eftirlit með reglum þessum. Starfsmönnum er skylt, verði þeir þess áskynja að reglur þessar hafi verið brotnar eða eru í hættu á að verða brotnar, að greina regluvörslu frá því þegar í stað. Að öðru leyti vísast til ákvæða reglna Arctica um regluvörslu um heimildir og úrræði regluvörslu.
- 15.2 Regluvarsla skal hafa yfirsýn yfir stöðutöku Arctica sjálfs, ef við á, til að geta lagt mat á víðskipti starfsmanna með sömu fjármálagerna.

<sup>6</sup> Eyðublað 3.19 sem fylgir skattframtali.

<sup>7</sup> Skylda eyðingar samkvæmt grein þessarri nær ekki til sjálfvirkar afritunar í tölvukerfum Arctica í samræmi við öryggisstefnu Arctica.

<sup>8</sup> Víð samþykkt reglna þessara hafa engir fjármálagerningar Arctica verið teknir til víðskipta á skipulegan markað.

- 15.3 Regluvörður hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum í undantekningartilvikum, t.d. vegna bágrar fjárhagsstöðu starfsmanns, svo framarlega sem slík undanþága brýtur ekki í bága við lög eða reglur.
- 15.4 Brot á reglum þessum geta varðað refsingu eftir því sem kveðið er á um í gildandi lögum og reglum hverju sinni, t.d. lög um markaði fyrir fjármálagerninga, aðgerðir gegn markaðssvikum og fjármálafyrirtæki. Þá geta brot á reglunum varðað áminningu eða brottrekstri. Regluvörður skal eftir atvikum tilkynna brot til stjórnar eða framkvæmdastjóra. Stjórn skal senda upplýsingar um brot til Fjármálaeftirlitsins ef ástæða eða lagarök standa til.
- 15.5 Regluverði og framkvæmdastjóra er heimilt að krefjast þess að viðskipti starfsmanna, sem brjóta gegn reglum þessum eða að álitum Arctica eru tortryggileg, gangi til baka, eftir atvikum bakfærð, eða að gera upptækan hagnað af slíkum viðskiptum þannig að hann renni til Arctica eða eftir atvikum þriðja aðila. Starfsmenn veita ennfremur regluverði og framkvæmdastjóra fullt og ótakmarkað umboð til að fara fram á það við milligönguaðila viðkomandi verðbréfavíðskipta, þ.m.t. félagið sjálft, að umrædd viðskipti verði bakfærð eða gagnkvæm viðskipti framkvæmd. Að sama skapi hafa regluvörður og framkvæmdastjóri heimild til að stöðva eða krefjast stöðvunar á framkvæmd verðbréfavíðskipta starfsmanna, hafi þau ekki þegar átt sér stað, telji þeir að viðskiptin eigi ekki að eiga sér stað. Í öllum tilvikum ber sá starfsmaður sem í hlut á þann kostnað/tap sem af kann að hljóttast og allan hagnað er félaginu heimilt að gera upptækan eða krefjast þess að viðkomandi starfsmaður greiði hagnaðinn til félagsins sem sekt.

## 16 Gildistaka

- 16.1 Reglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 4. október 2022.